



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/848
komudagur 6.12.2007

Nefndasvið Alþingis
Alþingi Íslendinga
150 Reykjavík

5. desember 2007

Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjararáð nr. 47/2006

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla hefur fengið frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjararáð nr. 47/2006 til umsagnar. Það kemur stjórn félagsins ekki á óvart að gera þurfi breytingar á lögnum, sem samin voru í kjölfar lögmæts úrskurðar Kjaranefndar um launahækkanir til handa embættismönnum, ráðherrum og Alþingismönnum. Forsætisráðherra með fulltyngi annarra ráðherra og Alþýðusambands Íslands lögðust gegn þessum lögbundnu og eðlilegu launabótum embættismanna og ákváðu að leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp sem dró þessar hækkanir til baka. Áður hafði reyndar forsætisráðherra beðið Kjaradóm um að endurskoða úrskurðinn til lækkunar. Kjaradómur taldi sig ekki hafa lagaheimild til þess og var því ákveðið að annars ágætu lagaumhverfi um kjaradóm og kjaranefnd yrði fargað og sett á fót Kjararáð með þrengri úrskurðarheimildir. Upprunalegu löginn heimila Kjararáði að velja sér skjólstæðinga. Til að létta sér störfín hefur Kjararáð vísað frá sér að ákvarða laun og starfskjör fyrir nokkra starfshópa, þar sem svo háttar til að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í þeim hópi eru m.a. skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands og prófessorar við ríkisháskóla. Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla styður því frumvarp fjármálaráðherra og leggur til að það nái til þeirra starfsmanna sem féllu áður undir úrskurðarvald kjararáðs.

Virðingarfyllst,

Gisli Már Gíslason
formaður Félags prófessora